

Fundur skólaráðs Kópavogsskóla föstudaginn 24. maí kl. 8:00

Mætt: Jóhannes og Pálmi fulltrúar foreldra, Sólveig grenndarfulltrúi, Hildur Elfa fulltrúi annarra starfsmanna, Svanborg og Birna Bj. fulltrúar kennara, Gunnlaugur og Sigríður fulltrúar nemenda, Guðmundur skólastjóri og Guðný aðstoðarskólastjóri. Halldór Hlökkversson forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans kom inn á fundinn undir liðnum „Félagsmiðstöðin og starfsemin“.

Samræmd próf – niðurstöðu fyrir 9. bekk

- Niðurstöður prófanna ræddar og vísað í gagnagrunn Menntamálastofnunar sem sýnir niðurstöður margra ára.
- Svanborg talar um að kennarar hafi lítinn aðgang að prófunum geta bara séð yfir öxlina á nemendum. Hún talar um að prófað sé í málfræði og lesskilning. Velt fyrir sér af hverju ekki sé prófað í hlustun.
- Pálmi talar um að skilaboð til barnanna hafi verið að prófin skipti ekki máli.
- Sólveig spurði nemendur um hvernig þau hefðu tekið þessu. Hvort að þetta skipti máli.

Þróunarmál í skólastarfi.

- Guðmundur ræddi um spjaldtölvumálin, það eru að fara fram úrskipti hjá kennurum og nemendur verða næstir. Það sem vantar inn í verkefnið er að það vantar fleiri kennsluráðgjafa frá bænum.
- Guðmundur ræddi um styrkina sem skólinn var að fá. Annar styrkurinn er til að rita samvinnunámskrá fyrir námsverið og hann er upp á 1.200.000 kr. Hinn styrkurinn er til að vinna að samþættingu forritunarkennslu við bekkjanámskrár. Sá styrkur er kr. 1.500.000 kr. Ekki algengt að sami skólinn fái tvo styrki sama árið.

Kópurinn

- Kópavogsskóli var tilnefndur fyrir 3 verkefni af 20 sem voru tilgreind. Fimm verkefni voru verðlaunuð sérstaklega og tvö þeirra frá Kópavogsskóla, „Velkomin prógramm“ en höfundar þessu eru Halldór forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og Dónata kennsluráðgjafi. Sólveig spyr hvernig erlendu börnin nái að blandast við íslensku börnin. Það er mismunandi eftir því hvaða nemendur það eru. Oftast er það þannig að þau blandast illa.
- Magnús smíðakennara og Halldór forstöðumaður félagsmiðstöðvar fengu viðurkenningu fyrir „Verkfærakassinn“. Það er lítið „fyrirtæki“ þar sem hægt er að pantað aðstoð nemenda til að sinna smáverkum. Eitt verkefnið var t.d. Sófa viðgerð í Kjarnanum.
- Árshátíðarskreytingar á sviði í samkomusal skólans var öll unnin af þeim.

Félagsmiðstöðin og starfsemin

- Guðmundur kynnti nýsamþykkt lög nemendafélagsins. Halldór talar um hvað það sé gaman að sjá hvað starfsemin í Kjarnanum hefur vaxið og nú er starfið í raun þríþætt. Þ.e. innan skólans, á Kópavogsvísu og svo á landsvísu. Mæting hefur verið mjög góð heilt yfir. Hver eru upplifun nemendanna af því að vera formenn. Bara mjög gaman og gaf mikla reynslu.
- Gunnlaugur talar um ungmennahing Kópavogs. Þar eru tekið fyrir málefni sem snerta unglunga og ungmenni.
- Dóri talar um hvað Kópavogur er að koma sterkur inn í landsstarfið. Viðburðir haldnir í bæjafélaginu.
- Þurfum að hafa fulltrúa til tveggja ára. Búið að klára lög nemendafélagsins.
- Félagsmiðstöð og skóli vilja efla starfsemina á miðstig.
- Rætt um rafípróttir.

Starfsáætlun skólaráðs 2019-2020.

- Starfsáætlunin kynnt og samþykkt. Hún er með hefðbundnum hætti.

Fundi frestað til 12. júní kl. 8:00

Framhaldsfundur 12. júní kl. 8:00

Mætt: Jóhannes og Pálmi fulltrúar foreldra, Sólveig grenndarfulltrúi, Hildur Elfa fulltrúi annarra starfsmanna, Svanborg fulltrúi kennara, Guðmundur skólastjóri og Guðný aðstoðarskólastjóri.

Í framhaldi af ytra mati

- Guðmundur kynnir skýrslu Ingvar Sigurgeirssonar prófessors í kennslufræðum. Ingvar var fenginn til að koma og kynna sér kennsluhætti í skólanum í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar. Búið er að kynna hana fyrir menntaráði. Farið aðeins yfir hana. Skýrslan fer inn á heimasíðuna. Niðurstaða skýrslunnar gefur aðra mynd en skýrslan um ytramat sýndi. Ingvar talar um að stofur séu alltof litlar. Spjallað um kennsluhætti og heimsókn Ingvars.
- Fundað var með teyminu í Innramati nú um mánaðamótin. Það kemur skýrsla um hana innra mat í sumar.
- Jóhannes er að velta því fyrir sér hvort það megi ekki einfalda skýrsluna svo hún komi fyrr svo upplýsingar í henni nýtist. Guðmundur sagði að úttekraðilar Menntamálastofnuna hafi bent á að bæta þyrfti ákveðnum þáttum inn í skýrsluna. Jóhannes talar um að það þurfi að létt á kennurum. Svanborg talar um tímaleyzi. Jóhannes talar um starfsáætlun skólans, tilganginn með henni og hvað það fari langur tími í að gera hana. Menntaráð Kópavogs kallar eftir henni og því verður að taka hana saman á hverju ári þó upplýsingarnar séu á heimasíðu skólans.

Rætt um hvað mentor og hvað það séu fáar upplýsingar þar sem nýtastkennurum. Classroom virkar vel.

- Rætt um hvað námsskráin er flókin og erfitt að að vinna eftir henni.

Drög að skipulagi skólaársins 2019-2020

- Guðmundur ræðir um næsta ár. Mannaráðningar eru væntanlegar allar búnar. Nokkrirkennarar að hætta og búið að ráða fyrir þessa.
- Guðmundur ræðir um lausu stofunnar og framkvæmdir í sumar.
- Jóhannes veltir fyrir sér hvort það ætti að fá foreldra til að skoða mentor og heimasíðu skólans. Hvað vilja foreldrar sjá inni á mentor og heimasíðunni. Rætt um hvað það er sem nemendur eiga að læra í hverju fagi fyrir sig. Vera með áætlun nemenda sýnilegri.

Fundi slitið kl. 9:10